



ALÞYÐUSAMBAND ÍSLANDS

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 135/2398*

*komudagur 28.4.2008*

Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 25.4 2008  
ASÍ mál: 200804-0020

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán (537 mál).**

Alþýðusamband Íslands styður mjög eindregið þær breytingar sem lagðar eru til. Þó eru gerðar tvær athugasemdir.

Í fyrsta lagi telur ASÍ, að lögin ættu að geyma ákvæði sem banni töku uppgreiðslugjalds í öllum þeim tilvikum þegar lántakandi hyggst selja fasteign með áhvílandi veðskuldum en lánveitandi heimilar annars vegar ekki skuldaraskipti (þvinguð uppgreiðsla) og hins vegar ef nýr kaupandi veðsettrar fasteignar hyggst endurfjármagna íbúðarkaup sín með uppgreiðslu áhvílandi lána.

Í öðru lagi er það mat ASÍ, að óheimilt eigi einnig að vera að krefjast uppgreiðslugjalds af lánum með föstum vöxtum. Eins og fram kemur í 4.mgr. 3.gr. frumvarpsins er tilgangur uppgreiðslugjaldsins sá að verja lánveitanda tjóni og ráðherra ætlað með reglugerð að setja nánari reglur um útreikning þess. Sambærileg ákvæði sem tryggja jafnræði aðila þegar lánveitandi hagnast af uppgreiðslu er ekki að finna í frumvarpinu. Þegar lán eru veitt með föstum vöxtum taka báðir aðilar áhættu og eðlilegt að öðrum þeirra sé ekki tryggð betri réttarstaða en hinum.

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,  
lögfræðingur ASÍ.



– fyrir íslenska verslun

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2265  
komudagur 17.4.2008

Alþingi  
viðskiptanefnd  
Alþingishúsinu v/Austurvöll  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15.04.2008  
Tilv. 2008/0041  
SÖG

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum, 537. mál**

Félag íslenskra stórkaupmanna vísar til erindis Alþingis frá 9.apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994 um neytendalán, með síðari breytingum, 537. mál.

Félagið gerir ekki að svo stöddu athugasemd við efni frumvarpsins, en áskilur sér rétt til að koma að athugasemdum komi til breytinga á frumvarpinu í meðförum Alþingis sem varðar hagsmuni félagsins.

Virðingarfyllt

  
Sigurður Örn Guðleifsson, hdl.

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis  
b/t Viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P/35/2360  
komudagur 25.4.2008

23. apríl 2008

Tilvísun: 2008040046


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytendalán, 537. mál, efling neytendaverndar.**

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs, dags. 9. apríl sl., þar sem Viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytendalán, 537. mál, efling neytendaverndar.

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemdir við efnisatriði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Jónas Fr. Jónsson

  
Arný J. Guðmundsdóttir

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/2324**  
**komudagur 22.4.2008**



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 21.04.2008  
Tilvísun 111  
ÁSK

**Efni: Umsögn um frumvarps til laga um neytendalán, 537. mál.**

Vísað er til bréfs viðskiptanefndar frá 9. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Kauphallarinnar um neytendalán, efling neytendaverndar, 537. mál.

Kauphöllin gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

  
Arnína Steinunn Kristjánsdóttir,  
lögfræðingur.

**The Nordic Exchange**

**KAUPHÖLL ÍSLANDS** ICELAND STOCK EXCHANGE. Laugavegur 182. IS- 105 Reykjavík, ICELAND. Sími/Tel. +354 525 2800. Fax +354 525 2888.  
Kt./Id.no 681298-2829. [www.omxgroup.com](http://www.omxgroup.com)

EFFICIENT SECURITIES TRANSACTIONS

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2427  
komudagur 29.4.2008



CONSUMERS ASSOCIATION OF ICELAND  
ASSOCIATE MEMBER OF IC, BEUC and ICRT

NEYTENDASAMTÖKIN

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

HVERFISGÖTU 105  
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200  
FAX 545 1212  
Netfang ns@ns.is  
www.ns.is

Reykjavík, 28. apríl 2008

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um neytendalán, 537. mál.**

Neytendasamtökin gera eftirfarandi athugasemdir við framlagt frumvarp en beðist er velvirðingar á því að ekki tókst að senda umsögn innan tilskilins frests.

Að ýmsu leyti styðja samtökin frumvarpið enda er þar að finna ákveðnar réttarbætur til handa neytendum. Hins vegar er það álit samtakanna að ekki sé nægilega langt gengið hvað varðar réttarvernd neytenda.

Um 1. gr.

Þegar fjallað var um kostnað vegna yfirdráttar í starfshópi þeim sem 1. – 3. gr. frumvarpsins stafa frá komu fram eftirfarandi tillögur, sem hlutu stuðning minnihluta starfshópsins, þ.á.m. fulltrúa Neytendasamtakanna:

...að bætt yrði við ofangreint ákvæði (nýtt ákvæði 3. mgr. 3. gr.) 3. ml., svohljóðandi: 'Neytandi verður þó ekki krafinn um slíkar greiðslur nema óheimilar aðgerðir séu á ábyrgð hans'.

'Greiðslur sem lánveitandi krefur neytanda um vegna óheimilla aðgerða, svo sem vegna óheimils yfirdráttar, skulu ekki innheimtar nema að undangenginni einni viðvörðun án endurgjalds'

(sjá skýrslu starfshóps á vegum viðskiptaráðherra um heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku o.fl., bls.40)

Hérmeð eru þessar tillögur ítrekaðar, enda t.a.m. ljóst að neytandinn á erfitt með að stjórna því ef slökkt er á úthringingu greiðslukortaposa á álagstímum. Það veldur því einnig að erfitt er að fylgjast með stöðu reiknings, t.a.m. í gegnum þjónustusíma, þar sem úttektir sem ættu að hafa verið dregnar frá inneign hafa ekki skilað sér. Á þetta sér í lagi við um síhringikort, þar sem korthafi á alla jafna að geta treyst því að staðan á reikningi sé í samræmi við raunveruleikann. Það er því nokkuð ljóst að í einhverjum tilvikum verður korthafa ekki beinlínis kennt um óheimilan yfirdrátt. Vissulega getur verið erfitt að greina milli ásetnings og gáleysis í þessum efnum, en þó væri æskilegt að tekið væri nánar á t.a.m. þeim tilvikum þar sem slökkt er á úthringingu posa.

Jafnframt telja samtökin að setja verði nánari reglur um kostnað vegna yfirdráttar, enda getur reynst flókið að sýna fram á raunverulegan kostnað fjármálafyrirtækis vegna yfirdráttar, og þá jafnframt flókið fyrir neytandann að vefengja slíkan kostnað.

### Um 3. gr.

Hvað varðar uppgreiðslugjaldið þá kom einnig fram breytingartillaga við tillögu meirihluta starfshópsins um að eftirfarandi bættist við 3. gr. frumvarpsins:

„Við 3. mgr. 16. gr. a laga um neytendalán bættist svohljóðandi málsliður:

‘Sé samið um uppgreiðslugjald í lánsamningi skal neytandi með sama hætti og með sömu reiknireglu eiga rétt á endurgreiðslu ávinnings sem lánveitandi nýtur vegna uppgreiðslu láns fyrir þann tíma sem umsaminn er’.

Við 4. mgr. 16. gr. a bættist orðin ‘og á ávinningi’ á eftir orðunum „á tjóni” í lokamálslið.”

Röksemdir tillögunnar voru eftirfarandi: „Tillaga að lagatexta gerir ráð fyrir að lánveitendum og neytendum sé að meginstefnu til heimilt að semja um uppgreiðslugjald vegna þess tjóns sem lánveitandi bíður vegna uppgreiðslu af hálfu neytanda áður en lánsamningur hefur runnið sitt skeið. Fallist er á að eðlilegt sé að neytandi, sem ákveður að nýta sér samningsbundinn rétt til uppgreiðslu, bæti slíkt tjón fremur en að því sé jafnað út á aðra neytendur með hærri vöxtum.

Slík uppgreiðsla - hver sem ástæða hennar er – getur hins vegar ekki aðeins haft í för með sér tjón fyrir lánveitanda, þ.e. hafi vextir lækkað í millitíðinni. Uppgreiðsla getur einnig haft í för með sér ávinning fyrir lánveitanda, þ.e. ef vextir hafa hækkað í millitíðinni en þá er reyndar ólíklegt að margir neytendur nýti sér umsaminn rétt til uppgreiðslu; til þess getur þó komið vegna aðstæðna neytanda. Ástæðulaust þykir að lánveitandi hagnist vegna þessa á kostnað einstaks neytanda þó að sá hafi ákveðið að nýta sér samningsbundinn rétt til uppgreiðslu. Í samræmi við það megin sjónarmið að jafnræði eigi að ríkja með neytendum og viðsemjendum þeirra, í ljósi meginreglu um gagnkvæmni í kröfurétti og réttarreglna um óréttmæta auðgun þykir sjálfsagt að ef breyting á lánsamningi færir lánveitanda ávinning umfram það sem lánsamningur gerði ráð fyrir þá eigi neytandi - en ekki lánveitandi - að njóta þess ávinnings rétt eins og lánveitanda eru tryggðar bætur fyrir það tjón sem hann bíður í sumum tilvikum.”

(sjá skýrslu starfshóps á vegum viðskiptaráðherra um heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku o.fl., bls.38-39)

Hér með er þessi tillaga ítrekuð. Hugsanlega hefði verið haganlegra að takmarka upphæð uppgreiðslugjalds við svokallað þak, ef til vill ákveðna prósentutölu af höfuðstól lánsins. Með vísan til reglna skaðabótaréttar var þó ekki fallist á það innan starfshópsins. Hins vegar ber að líta til þess að samkomulag hefur náðst um uppgreiðslureglur væntanlegrar Evróputilskipunar um neytendalán en samkvæmt því má þóknun ekki vera hærri en 1% af fjárhæð skuldarinnar sem greidd er upp. Má því reikna með að svokallað þak verði sett á uppgreiðslugjald í Evrópulöggjöf og virðast reglur skaðabótaréttar ekki hafa staðið í vegi fyrir því. Væri svokallað þak sett á mætti einnig reikna með að tap lánastofnana jafnaðist út á móti hugsanlegum hagnaði þegar neytendur greiða upp lán á tímum vaxtahækkana. Ef meiningin er hins vegar sú að fjármálafyrirtæki fái greitt allt það tap sem þau verða fyrir vegna uppgreiðslu einstaks neytanda á láni er eðlilegt að neytendur njóti góðs af þegar uppgreiðsla hefur í för með sér hagnað fyrir fjármálafyrirtæki.

Einnig kom fram eftirfarandi minnihlutatillaga um nánari útfærslu þess hvenær ekki er heimilt að krefjast uppgreiðslugjalds:

„Skilja beri 2. mgr. 16. gr. a um bann við uppgreiðslugjaldi ef ástæða uppgreiðslu er gjaldfelling láns af hans hálfu þannig: Ef lánveitandi synjar neytanda um heimild til skuldskeytingar, sem hefðbundin er í íslenskum fasteignalánum við eigendaskipti að fasteign, eða lækkar vaxtaafslátt vegna þess að neytandi nýtir sér rétt sinn til þess að eiga önnur viðskipti við önnur fjármálafyrirtæki þó að hann hafi samið um heildarviðskipta„pakka“ við lánveitanda gegn betri kjörum þá eigi lánveitandi ekki rétt á uppgreiðslugjaldi ef neytandi bregst við framangreindri synjun eða umræddri lækkun afsláttar með því að greiða upp lán. ... líta beri á umrædda afstöðu bankans sem gjaldfellingu af hans hálfu eins og fram hefur komið að gert sé þegar synjað er um skuldskeytingu. Sama ...[á við]... um lækkun afsláttar sem er til þess fallin að auka tryggð í bankaviðskiptum með svonefndri læsingu og draga úr hreyfanleika viðskiptavina og þar með samkeppni.“


(sjá skýrslu starfshóps á vegum viðskiptaráðherra um heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku o.fl., bls.39)

Er þessi tillaga hér með ítrekuð enda hlýtur það að vera mikilvægt markmið að auka samkeppni og hreyfanleika á lánamarkaði. Í dag er staðan hins vegar sú að þeir sem tekið hafa íbúðalán, á tímum hagstæðari vaxta, eru oftast en ekki rígbundnir sínum viðskiptabanka. En bankarnir gera svo kröfur um ýmiss konar „heildarviðskiptapakka“ og hefur meðal annars a.m.k. einn banki sett það sem eitt af mögulegum skilyrðum fyrir vaxtakjörum að neytendur séu í viðskiptum við ákveðið tryggingarfélag, sem virðist þó fljótt á litið vera í óskyldum rekstri sem ekki kemur lánastarfsemi banka við. Annar banki gerir það að skilyrði að neytandinn sé með lífeyrissparnað eða útgjaldadreifingu eða greiðslukort hjá bankanum (tvennt af þessu auk launareiknings). Auðvelt er að ímynda sér að aðstæður neytanda geti breyst á þann hátt að hann sjái sér ekki fært að vera lengur með lífeyrissparnað, útgjaldadreifingu eða greiðslukort. Má þá reikna með að vextir á íbúðaláni þess neytanda hækki. Slíkt jafngildir, að mati Neytendasamtakanna, uppsögn af hálfu lánveitanda og ætti ekki að krefja um uppgreiðslugjald í slíkum tilvikum.

Að mati Neytendasamtakanna má einnig líta á það sem gjaldfellingu af hálfu lánveitanda ef skuldskeytingu er hafnað. Vissulega er það svo að kröfuhafa er í sjálfsvald sett hvort hann samþykkir nýjan skuldara að láni en hins vegar hefur verið hefð fyrir því í íslenskum fasteignaviðskiptum að fallist er á skuldaraskipti. Sú tilhögun sem lánastofnanir hafa nýverið tekið upp, að hafna skuldaraskiptum eða hækka vaxtastig óski kaupendur fasteigna eftir því að yfirtaka áhvílandi lán hefur enda valdið seljendum fasteigna ákveðnum vanda og gert fasteignir illseljanlegri. Það er og mat samtakanna að svo viðamiklar skilmálabreytingar á lánum jafngildi uppsögn af hálfu lánveitanda og því eigi ekki að krefjast uppgreiðslugjalds sé lán greitt upp í slíkum tilvikum.

Að öðru lagi styðja Neytendasamtökin þetta frumvarp og hvetja til samþykktar þess.

Virðingarfyllst,  
f.h. Neytendasamtakanna,

  
Hildigunnur Hafsteinsdóttir



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/2271**  
**komudagur 17.4.2008**

Til nefndasviðs Alþingis, viðskiptanefndar

Frá Samtökum fjárfesta

Pingmál nr 537

Samtök fjárfesta telja ekki rétt að fjalla um frumvarp til laga um breyting á lögum nr 124/1994, um neytendalán.

Með vinsemi og virðingu,

Villhjálmur Bjarnason framkvæmdastjóri  
Samtök fjárfesta gsm 895 6280

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/2519**  
**komudagur. 5.5. 2008**

**SFF**  
**SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA**  
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 5. maí 2008

Viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasvið  
150 Reykjavík

**Varðar: Umsögn um frv. til l. um neytendalán (537. mál).**

**Almennt**

SFF hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp um brt. á um lögum neytendalán. SFF áttu fulltrúa í starfshópi viðskiptaráðherra sem kom að undirbúningi frumvarpsins með úttekt á lagaumhverfi að því er varðar viðskipti og neytenda og fjármálafyrirtækja, einkum með tilliti til gjaldtöku.

SFF vilja ítreka að þau telja afar mikilvægt að samræmi sé í neytendaákvæðum laga og reglna um fjármálaþjónustu á EES-svæðinu. Á vegum Evrópusambandsins er nú unnið að því að ljúka setningu nýrrar tilskipunar um neytendalán, sem felur í sér viðamiklar breytingar á núverandi tilskipun sem íslensku löggin um neytendalán byggjast á. SFF hafa fylgst með þróun þess máls undanfarin misseri í gegnum European Banking Federation í Brussel, sem SFF eru aðilar að. Samtökin hafa áður lýst þeirri skoðun sinni við viðskiptaráðuneytið að miklu skipti að ekki séu settar séríslenskar reglur heldur fylgt þeirri þróun sem á sér stað í Evrópu. Að mati SFF hefði verið skynsamlegast að biða með breytingu á núverandi lögum um neytendalán, þar til ný tilskipun í þeim efnum liggur fyrir. SFF skorudust þó eðlilega ekki undan þátttöku í starfshópi ráðherra um endurskoðun laganna.

Þótt ákvæði frumvarpsins séu í meginatriðum í samræmi við niðurstöður starfshópsins vilja SFF koma með ábendingar um fyrstu tvær greinarnar; ábendingar sem miða að því að ná þeim markmiðum sem nefndin stefndi að á skýrari hátt og þannig að sem minnstur viðbótarkostnaður hljóti af því að framfylgja breyttum lögum. Hafa ber í huga að í frumvarpinu eru m.a. ákvæði sem eru almenns eðlis, en hafa ekki sérstaka skírskotun til lánveitinga. Þar er sérstaklega vísað til ákvæðis 2. gr. sem snýr að birtingu gjaldskrár. Ákvæði frumvarpsins gengur mun lengra en almennt þekktist í þessu efnum. Hvorki önnur þjónustufyrirtæki né hið opinbera (ríki og sveitarfélög) sæta viðlíka kröfum þegar kemur að verðbreytingum þeirrar þjónustu sem þau bjóða.

Það skal áréttað að fjármálafyrirtæki á Íslandi skorast ekki undan ábyrgð á að kynna neytendum sem best þau kjör sem þeim bjóðast á hverjum tíma, þvert á móti eru þau væntanlega leiðandi í þeim efnum hér á landi. Útfærsla á þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar, verður hins vegar að vera innan skynsemismarkna. Að öðrum kosti er í raun bara verið að hækka kostnað við þjónustuna, sem er hvorki neytendanum né þeim sem þjónustuna veitir í hag.

## Athugasemdir við einstakar greinar:

### 1. gr. frumvarpsins

Frumvarpið ráðgerir að á eftir 2. mgr. 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Fjármálafyrirtæki er ekki heimilt að innheimta kostnað vegna óheimils yfirdráttar af tékkareikningi ef slík gjaldtaka á ekki stoð í samningi. Kostnaður vegna óheimils yfirdráttar skal vera hóflegur og endurspeglar kostnað vegna yfirdráttarins.

SFF telja betra að orða fyrri málslið á jákvæðan hátt, í stað þess að nálgast hvað er óheimilt. Markmiðið næst alveg jafn vel. Þá er orðalagið „Kostnaður vegna óheimils yfirdráttar skal vera hóflegur og endurspeglar kostnað vegna yfirdráttarins“ ekki nægilega skýrt. SFF leggja því til einföldun á lagatextanum, þannig að 1. gr. frumvarpsins orðist svo:

Á eftir 2. mgr. 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svohljóðandi:

*Fjármálafyrirtæki er heimilt að innheimta kostnað sem fellur til, vegna óheimils yfirdráttar, enda eigi slík gjaldtaka sér stoð í samningi milli aðila.*

### 2. gr. frumvarpsins

Frumvarpið ráðgerir að á eftir 2. mgr. 6. gr. laganna komi nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Upplýsa skal neytanda um fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrá sem honum eru ekki til hagsbóta, með hæfilegum fyrirvara. Lánveitandi telst uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar ef upplýsingar eru veittar með eftirfarandi hætti, að vali neytanda:

- skriflega, t.d. með reikningsyfirliti,
- á öðrum varanlegum miðli en pappír, eða
- í gegnum vefsíðu á vegum lánveitanda, enda hafi neytanda verið tilkynnt um veffang vefsetursins og hvar hægt sé að nálgast umræddar upplýsingar á vefsetrinu.

Með varanlegum miðli í b-lið er átt við tæki sem gerir neytanda kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans, óbreyttar þannig að hann geti afritað þær og flett upp í þeim í ákveðinn tíma.

SFF telja ákvæðið of íþyngjandi í framkvæmd, eins og það er sett fram og ekki til hagsbóta fyrir neytendur. SFF áréttar að fjármálafyrirtæki landsins hafa til margra ára verið leiðandi á íslenskum fyrirtækjamarkaði hvað varðar aðgengi að verðskrá jafnt á netinu sem á starfsstöðvum. Í frumvarpinu er lagt til að gengið verði lengra og sú skylda lögð á fyrirtækin að tilkynna um fyrirhugaðar breytingar á verðskrá, til hækunar, áður en þær taka gildi.

Eins og fram kemur í almennum athugasemdum hér að framan telja SFF íhugunarefni hvort eðlilegt sé að gera jafn viðmikla breytingu á gildandi kröfum til þjónustuveitenda landsins í sérlægum um neytendalán. Erfitt er að sjá að ef það er á annað borð skoðun löggjafans að slík íþyngjandi krafa verði gerð, þá eigi hún ekki við um alla þjónustuveitendur og jafnvel sölu á vörum einnig. Í þeim efnum hefði það væntanlega staðið hinu opinbera næst að eiga frumkvæði að slíkum vinnubrögðum meðal eigin fyrirtækja og stofnana.

Hvað varðar útfærslu á slíku ákvæði varðar er þannig alveg klárt að það verður að vera afmarkað við gjaldskrá tengda lánveitingum, þ.e. þáttum eins lántökugjöldum, greiðslugjöldum og þjónustugjöldum vegna seinni breytinga á lánum, en ekki ná til þeirra liða í gjaldskrá fjármálafyrirtækja sem hafa ekkert með lánastarfsemi að gera. Þá geta vaxtahækkunarir ekki átt hér undir, þar sem slíkar breytingar verða fyrirvaralaust. Þá er afar mikilvægt að þessar breytingar skapi ekki í framkvæmd mikinn aukakostnað, sem leggst á neytendur. Að mati SFF er eðlilegast að þjónustuveitandi sjálfur ákveði með hvaða hætti hann kynnir neytendum um fyrirhugaða hækkun á þjónustu. Bankar og sparisjóðir munu gera það í gegnum heimasíður sínar, netbanka eða tölvupóst. Ef bankar og sparisjóðir þyrftu jafnframt að kynna breytingar skriflega myndi það hafa í för með sér aukinn kostnað sem er óþarfi, þar sem hafa ber í huga að yfirgnæfandi fjöldi viðskiptavina fjármálafyrirtækja er með netbanka og álíka fjöldi er farinn að afþakka allar skriflegar sendingar frá sínu fjármálafyrirtæki. Til hliðsjónar má hér benda á að með nýrri löggjöf um verðbréfavíðskipti (MiFID) hefur sú framkvæmd myndast að við upphaf víðskipta gera fjármálafyrirtæki og víðskiptavinir með sér samning um hvernig skuli birta víðskiptavinir breytingar á gjaldskrá. Er meginreglan í þeim víðskiptum sú að samið er um birtingu gjaldskrár á heimasíðu fjármálafyrirtækis.

SFF áréttar að sú breytingartillaga sem þau eru hér að leggja til mun eftir sem áður ganga lengra hingað til hefur tíðkast gagnvart þjónustuveitendum. Til að ekki verði hártoganir um með hvað löngum fyrirvara beri að kynna víðskiptamönnum hækkunarir, sbr. ákvæði frumvarps um „hæfilegan fyrirvara“, leggja SFF til að gerð sé krafa um viku fyrirvara.

SFF leggja til að 2. gr. frumvarpsins orðist svo:

Á eftir 2. mgr. 6. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Tilkynna skal fyrirhugaðar breytingar á gjaldskrá tengdar lánveitingum að lágmarki viku áður en þær taka gildi, séu þær ekki til hagsbóta fyrir neytendur. Þetta á þó ekki við um vaxtabreytingar. Lánveitandi telst uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar ef upplýsingar eru veittar með eftirfarandi hætti:

- a. Á vefsíðu á vegum lánveitanda, eða
- b. í netbanka á vegum lánveitanda, eða
- c. í tölvupósti.

Þar sem framkvæmd á ákvæðinu mun hafa veruleg áhrif í framkvæmd leggja SFF til að fjármálaframtækjum verði gefnir 4 mánuðir í undirbúning áður en þetta ákvæði taki gildi. Sjá tillögu við 5. gr.

### 3. gr.

Frumvarpið ráðgerir að á eftir 16. gr. laganna kemur ný grein, 16. gr. a, svohljóðandi:

Lánveitanda er óheimilt að krefjast greiðslu uppgreiðslugjalds af efurstöðvum láns í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum sem greitt er upp fyrir þann tíma sem umsaminn er, ef upphaflegur höfuðstóll lánsins er að jafnvirði 50 millj. kr. eða minna.

Lánveitandi getur ekki krafist uppgreiðslugjalds ef ástæða uppgreiðslu er gjaldfelling láns af hans hálfu.

Í þeim tilvikum sem heimilt er að semja um uppgreiðslugjald skal kveðið á um slíkt í lánessamningi. Tilgreina skal upplýsingar um hvernig uppgreiðslugjald er reiknað út og hvenær slíkur kostnaður fellur á.

Í þeim tilvikum sem heimilt er að semja um uppgreiðslugjald má fjárhæð gjaldsins að hámarki vera það tjón sem lánveitandi verður fyrir vegna uppgreiðslunnar fyrir þann tíma sem umsaminn er. Ef kveðið er á um heimild til endurskoðunar vaxta í lánessamningi með föstum vöxtum skal miða útreikning uppgreiðslugjalds við tímann fram að næsta endurskoðunardegi vaxta. Ráðherra skal setja nánari reglur um útreikning á tjóni vegna uppgreiðslu.

SFF gera ekki athugasemdir við ákvæðið að öðru leyti en því að mikilvægt er að samtökin fái að koma að útfærslu á reglum ráðherra um útreikning á tjóni vegna uppgreiðslu. Það er afar mikilvægt að við það mat sé tekið eðlilegt tillit til raunverulegs tjóns sem lánveitandi getur orðið fyrir vegna uppgreiðslunnar. SFF óska eftir því að nefndin taki sérstaklega á því í álitinu að samtökin fái eðlilega aðkomu að þeirri vinnu ráðherra.

### 4. gr.

Ákvæðið varðar ekki fjármálaþjónustu og SFF hafa því ekki skoðun á því.

### 5. gr.

Vísað er til lokamálsgreinar í umfjöllun um 2. gr. hér að framan. SFF leggja til að við gildistökuákvæðið bætist: nema 2. gr sem öðlast gildi 1. október 2008.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri



Alþingi  
Erindi nr. P 135/2399  
komudagur 28.4.2008

21. apríl 2008  
SI-40334

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 9. apríl 2008 óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, 537. mál, efling neytendaverndar.

Seðlabanki Íslands býr ekki yfir sérþekkingu á sviði neytendamála og tjáir sig því ekki um frumvarpið.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Davíð Oddsson  
formaður bankastjórnar

Eiríkur Guðnason  
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605



Nefndasvið Alþingis  
Viðskiptanefnd  
b/t Seimu Hafliðadóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994, um neytendalán, með síðari breytingum (537. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp þar sem m.a. eru lögð til ákvæði um heimildir lánveitenda til gjaldtöku og skyldu til upplýsingagjafar gagnvart neytendum.*

Aukið gagnsæi, t.a.m. með því að kveða á um tiltekna gjaldtöku í samningum, gagnast öllum aðilum og er jafnframt í anda góðra viðskiptahátta. En eins og ávallt verður að gæta þess að löggjafinn sníði viðskiptalífínu ekki svo þröngan stakk að markmið frumvarpsins snúist í andhverfu sína. Með því að banna gjaldtöku er byggir á málefnalegum og rekstrarlegum forsendum er sá aðili sem gjaldtaka er komin til af leystur undan þeirri skyldu að greiða kostnað henni tengdri. Sá kostnaður er síðan borinn uppi af aðilum sem áttu engann þátt í upphaflegri gjaldtöku. Lagareglur sem banna gjaldtöku eða setja henni óeðlilegar skorður í skjóli neytendaverndar geta því beinlínis skaðað hagsmuna neytenda. M.a. á þessum grundvelli lagðist Viðskiptaráð gegn upphaflegum hugmyndum viðskiptaráðherra um að banna uppgreiðslugjöld en þær fréttatilkynningar fylgja með umsögn þessari.

Við frumvarp þetta gerir Viðskiptaráð nokkrar athugasemdir:

Í fyrsta lagi er það mat ráðsins að orðið „hóflegur“ í 1. gr. frumvarpsins sé of matskennt og opið fyrir túlkun, o.þ.a.l. ágreining. Því leggur ráðið til að orðið verði felld úr ákvæðinu og einungis stuðst við að innheimta kostnaðar endurspegli kostnað vegna yfirdráttarins.

*Viðskiptaráð leggur til að orðið „hóflegur“ verði felld brott úr 1. gr. frumvarpsins.*

Í öðru lagi telur ráðið að upplýsingaskylda sú sem felst í 2. gr. frumvarpsins muni verða of kostnaðarsöm og flókin í framkvæmd. Í greinargerð frumvarpsins er áréttað að upplýsingaskylda samkvæmt ákvæðinu taki bæði til nýrra sem og eldri lánssamninga og því beri lánveitendum að veita öllum neytendum, sem hlaupa á tugum þúsunda, færi á að velja milli umræddra boðleiða. Þessar boðleiðir eru m.a. eftirfarandi:

1. Skriflega
2. Símbréf
3. Tölvupóstur
4. Disklingur
5. Geisladiskur
6. Stafrænn mynddiskur
7. Á vefsíðu lánveitenda

Það liggur í hlutarins eðli að fyrirkomulag af þessu tagi mun leiða til aukins kostnaðar og gert er ráð fyrir því í greinargerð frumvarpsins að lánveitendur muni koma til með að bera hann. Það er hins vegar álit

Viðskiptaráðs að neytandinn eigi að standa straum af kostnaði sem hlýst vegna þessa yfirgripsmikla valfrelsis. Viðskiptaráð tekur undir með greinargerð frumvarpsins þar sem segir að ætla megi að neytendur nútímans muni sækjast eftir að fá viðkomandi upplýsingar eftir hagkvæmum rafrænum boðleiðum, enda bendir þróun undanfarinna ára til þess að svo verði. Það er þess vegna og vegna tilgangs þessarra annarra varanlegu miðla, þ.e. að neytendur geti geymt upplýsingarnar í ákveðinn tíma, að Viðskiptaráð telur að aðrar boðleiðir en tölvupóstur og vefsíða lánveitenda eigi ekki að standa neytendum til boða, nema þeir sjálfir standi straum af þeim kostnaði sem hlýst vegna notkunnar annarra miðla.

*Viðskiptaráð leggur til að valkostir um aðrar boðleiðir en tölvupóst og vefsíður lánveitenda verði aðeins látnar standa neytendum til boða ef þeir sjálfir beri kostnað þeim tengdum.*

Í þriðja lagi gerir ráðið talsverðar athugasemdir við 3. gr. frumvarpsins. Fyrir það fyrsta er hvorki rökstutt í frumvarpinu né greinargerð þess afhverju lán að tiltekinni fjárhæð eru undanþegin uppgreiðslugjaldi ef greitt er upp fyrir umsaminn lánstíma. Því til viðbótar er hvergi að finna rökstuðning að baki því hvernig 50mkr. fjárhæðin er fengin. Viðskiptaráð er almennt á móti lagasetningu sem dregur úr samningafrelsi sem og lagasetningu sem ieggur órökstuddar kvaðir á tiltekin fyrirtæki. Að mati ráðsins falla engin haldbær rök að því að aðgreina þá tegund lána sem ákvæðið kveður á um frá öðrum lánategundum.

Eins og rakið er í meðfylgjandi fréttatilkynningu er vaxtaáhætta hvers lánasafns lánastofnanna er m.a. rakið til hreyfanleika þess. Því meiri hreyfanleiki sem er á lánasafni því meiri vaxtaáhætta fyrir viðkomandi lánastofnun. Þetta er m.a. vegna þess að lánastofnanir gætu ekki, án vandkvæða, komið uppgreiddum fjármunum í farveg annarsstaðar kæmi til hofskeflu uppgreiðslna. Að sama skapi velta kjör fjármögnunar lánastofnanna m.a. á gæðum útlánasafns og því má gera ráð fyrir að þau kjör myndu rýrna. Þar sem lánakjör viðskiptavina endurspeglast af fjármögnunarkostnaði lánastofnanna gæfist viðkomandi stofnunum því ekki kostur á að bjóða jafn hagstæða vexti. Þetta myndi eðli málsins samkvæmt leiða til hærri vaxta eða til kostnaðar af öðru tagi.

*Viðskiptaráð leggur til að 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins verði felld brott*

Í annan stað er að finna í 4. mgr. 3. gr. reglugerðarheimild til handa viðskiptaráðherra að ákveða útreikning á tjóni vegna uppgreiðslu. Viðskiptaráð er andsnúið opnum heimildum framkvæmdavaldshafa til að takmarka sveiganleika fyrirtæki til að taka rekstrarlegar ákvarðanir. Reglugerðir af þessu tagi eru alvarleg inngríp í rekstur umræddra fyrirtækja sem ætti aðeins að grípa til í bráðri nauðsyn. Ekki verður séð af rökstuðningi frumvarpsins að þeirri nauðsyn sé til að dreifa.

Ákvarðanir af þessu tagi á að fela þeim fyrirtækjum sem starfa á viðkomandi markaði en þau, ólíkt hinu opinbera, lúta öflugum eftirliti af hálfu neytendasamtaka og opinberum eftirlitsstofnunum. Virk samkeppni kemur enn fremur í veg fyrir að lánveitendur leggi óhóflegan og ónauðsynlegan kostnað á neytendur.

*Viðskiptaráð leggur til að reglugerðarheimild ráðherra í 4. mgr. 3. gr. verði felld brott.*

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.**

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs

## **Fylgigögn með umsögn Viðskiptaráðs um þingmál nr. 537**

25.10.2007

**Afnám vörugjalda og stimpilgjalda fagnaðarefni**

Viðskiptaráð Íslands telur áform viðskiptaráðherra um afnám vörugjalda og stimpilgjalda vera stórt skref í átt að einfaldara og skilvirkara hagkerfi. Framtak ráðherra mun án efa stuðla að lægra vöruverði og auknu gegnsæi í skattkerfinu, til hagsbóta fyrir neytendur og fyrirtæki. Afnám umræddra gjalda hefur löngum verið baráttumál ráðsins. Þannig hvatti ráðið m.a. til afnáms þeirra í skýrslu sinni „90 tillögur að bættri samkeppnishæfni Íslands“, sem gefin var út í tilefni 90 ára afmælis ráðsins 17. september síðastliðinn. Viðskiptaráð tekur heilshugar undir að álagning vörugjalda og tolla hafi hingað til verið tilviljunarkennd og ómarkviss, en hinn umdeildi iPod tollur er holdgervingur slíkrar álagningar. Með því er þó ekki sagt að stefna eigi að markvissari álagningu tolla, enda eru tollar í flestum tilfellum ekki til annars fallnir en að skerða kjör neytenda og vernda óhagkvæmar atvinnugreinar.

Viðskiptaráð vonar að áform þessi séu einungis forsmekkurinn af því sem koma skal, en bæði fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra hafa lýst því yfir að stefna eigi að afnámi flestra viðskiptahindrana. Lokamarkmið að bættri samkeppnishæfni íslensks viðskiptaumhverfis ætti að vera algert afnám tolla.

Þrátt fyrir framangreint leggst Viðskiptaráð gegn hugmyndum viðskiptaráðherra um beitingu lagasetningar á sviði gjaldtöku fjármála- og innheimtufyrirtækja. Hið opinbera ætti frekar að beina kröftum sínum í átt að auknu samstarfi við hagsmunaaðila á þessu sviði. Ráðið hvetur viðskiptaráðherra til að íhuga vandlega kosti þess að draga úr vægi sjálfskuldarábyrgða enda ekki á allra færi að veita annars konar tryggingar fyrir lántökum sínum. Áform um afnám uppgreiðslugjalda hljóta að snúa eingöngu að íbúðalánasjóði enda ekki grundvöllur fyrir því að meina viðskiptabönkum og sparisjóðum að innheimta slík gjöld. Afnám þeirra myndi auka vaxtaáhættu bankanna og skekkja enn frekar stöðuna á íbúðarlánamarkaði, sem mæta þyrfti með öðrum aðgerðum.

Viðskiptaráð fagnar ennfremur eflingu neytendarannsókna og neytendastofnanna. Þrátt fyrir það telur ráðið fulla ástæðu til að íhuga sameiningu núverandi stofnana og samtaka sem hafa með neytendamál að gera, þ.e. Neytendastofu, talsmann neytenda og Neytendasamtakana. Það hefur sýnt sig í gegnum tíðina að fleiri stofnanir um tiltekinn máiaflokk leiða ekki endilega til aukinnar skilvirkni eða árangurs. Með sameiningu yrðu til öflug heildarsamtök - sem ættu auðveldara með að fylgja eftir neytendamálum á skilvirkan og hagkvæman máta, neytendum í landinu til hagsbóta

Frekari upplýsingar veita:

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri

Frosti Ólafsson, hagfræðingur

Haraldur I. Birgisson, lögfræðingur



29.10.2007

**Af hverju er það neytendum í hag að banna ekki uppgreiðslugjöld af húsnæðislánum?**

Í yfirlýsingu sinni frá því um helgina lagðist Viðskiptaráð Íslands gegn sértækri lagasetningu sem bannar fjármálastofnunum að innheimta uppgreiðslugjald á lánum. Rétt er að ítreka að Viðskiptaráð fagnar áætlunum ráðherra um niðurfellingu stimpilgjalda og vörugjalda, enda hefur ráðið lengi barist fyrir niðurfellingu þeirra eins og kom skýrt fram í 90 ára skýrslu ráðsins um bættu samkeppnishæfni Íslands (sem nálgast má [hér](#)). Er því vísað algerlega á bug að Viðskiptaráð leggist gegn hugmyndum ráðherra um aukna samkeppni á bankamarkaði enda hefur ráðið verið helsti málsvari aukinnar samkeppni og samkeppnishæfni allra atvinnvega hér á landi. Aukið frelsi í viðskiptum er til hagsbóta bæði fyrir neytendur og fyrirtæki og því er Viðskiptaráð almennt á móti lagasetningum eða regluverki sem dregur úr frelsi til samninga.

Ástæðan þess að ráðið leggst gegn lagasetningu um niðurfellingu uppgreiðslugjalda er sú að neytendur muni óhjákvæmilega koma til með að bera kostnað af því óhagræði sem hlýst af slíkri íthlutun yfirvalda. Það liggur fyrir að lánastofnanir hafa í gegnum tíðina boðið uppá lán með og án uppgreiðslugjalda í einhverri mynd. Hafa neytendur þannig haft möguleika á að veita og meta sína hagsmuni með tilliti til þessa. Að sama skapi liggur fyrir að vextir á lánum án uppgreiðslugjalda hafa verið umtalsvert hærri en vextir á lánum með uppgreiðslugjöldum. Þetta á sér eðlilegar skýringar.

Vaxtaáhætta hvers lánasafns lánastofnanna er m.a. rakið til hreyfanleika þess. Því meiri hreyfanleiki sem er á lánasafni því meiri vaxtaáhætta fyrir viðkomandi lánastofnun. Þetta er m.a. vegna þess að lánastofnanir gætu ekki, án vandkvæða, komið uppgreiddum fjármunum í farveg annarsstaðar kæmi til hofskeflu uppgreiðslna. Að sama skapi velta kjör fjármögnunar lánastofnanna m.a. á gæðum útlánasafns og því má gera ráð fyrir að þau kjör myndu rýrna. Þar sem lánakjör viðskiptavina endurspeglast af fjármögnunarkostnaði lánastofnanna gæfist viðkomandi stofnunum því ekki kostur á að bjóða jafn hagstæða vexti.

Þetta myndi eðli málsins samkvæmt leiða til hærri vaxta. Lítil hreyfanleiki á húsnæðislánum hefur gert lánastofnunum kleift að bjóða neytendum lægri vexti. Með því að banna uppgreiðslugjöldin má leiða að því líkur að lán, sem áður voru með uppgreiðslugjaldi og þar með lægra vaxtastigi, verði tekin til endurskoðunar með tilliti til aukinnar vaxtaáhættu og vextir hækkaðir. Það er því spurning hvort neytendur séu tilbúnir að verða af þeim möguleika að fá lægri vexti gegn því að festa lánið til lengri tíma. Valkostur um þessa lægri vexti er að mati Viðskiptaráðs Íslands mikið hagsmunamál fyrir íslenska neytendur.

Frekari upplýsingar veita:

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri

Frosti Ólafsson, hagfræðingur

Haraldur I. Birgisson, lögfræðingur

## Viðskiptaráðuneyti

### Minnisblað

Viðtakandi: **Viðskiptanefnd Alþingis**  
Sendandi: **Viðskiptaráðuneyti**  
Dagsetning: **16.05.2008**  
Málsnúmer: **VRN08020007**  
Bréfalykill: **42.090**

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 121/1994 um neytendalán, með síðari breytingum (þskj. 838, 537. mál)

#### 1. Tillögur til breytinga á 1. gr. frumvarpsins

Í umsögnum sínum um frumvarpið leggja bæði SFF og Viðskiptaráð til að skilyrði um að kostnaður vegna óheimils yfirdráttar skuli vera hóflegur verði felld brott úr ákvæði 1. gr.

Viðskiptaráðuneytið telur ekki tilefni til breytinga á 1. gr. frumvarpsins. Vísar ráðuneytið m.a. til þess að ákvæðið er samhljóða tillögu starfshóps á vegum viðskiptaráðherra um heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku o.fl., er skilaði ráðherra skýrslu í desember sl. og tveir fulltrúar SFF áttu m.a. sæti í, að því undanskildu að orðunum "af tékkareikningi" var bætt við í 1. málslið. Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu (um 1. gr.), er búist við því að framfarir í tækniþróun í náinni framtíð verði til þess að óheimill yfirdráttur og svokallaður FIT-kostnaður heyri sögunni til.

Ráðuneytið telur ekki heppilegt að setja reglur um útreikning kostnaðar vegna óheimils yfirdráttar, líkt og Neytendasamtökin leggja til í umsögn sinni um frumvarpið, heldur skuli viðmið gjaldtökunnar vera raunkostnaður vegna yfirdráttarinnar. Þá telur ráðuneytið forsendur ekki vera fyrir hendi til að bæta við 1. gr. frumvarpsins skilyrðum um að neytandi verði ekki krafinn um greiðslu FIT-kostnaðar nema óheimilar aðgerðir séu á ábyrgð hans og að FIT-kostnaður skuli ekki innheimtur nema að undangenginni einni viðvörðun án endurgjalds, með vísan til fyrirsjáanlegra vandkvæða við framkvæmd slíkra lagaskilyrða, sönnunarefndleika og aukins kostnaðar sem slík skilyrði hefðu í för með sér bæði fyrir viðkomandi fjármálafyrirtæki og viðskiptamann.

#### 2. Tillögur til breytinga á 2. gr. frumvarpsins

Ráðuneytið telur rök mæla með því að breytingartillaga SFF um 2. gr. frumvarpsins verði tekin til greina, þó með smávægilegum frekari breytingum. Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

***Breytingar á gjaldtöku vegna lánsamninga samkvæmt lögum þessum skal tilkynna að lágmarki einni viku áður en þær taka gildi, ef þær eru ekki til hagsbóta fyrir neytendur. Lánveitandi telst uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar ef upplýsingar eru veittar með eftirfarandi hætti:***

- a. Á vefsíðu á vegum lánveitanda, enda hafi neytenda verið tilkynnt um veffang vefsetursins og hvar hægt sé að nálgast umræddar upplýsingar á því, eða***
- b. í netbanka á vegum lánveitanda, eða***
- c. með tölvupósti.***

***Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. málsliðar getur neytandi óskað eftir því að upplýsingar samkvæmt þessari málsgrein verði veittar skriflega.***

Ný neytendalánatilskipun ESB, sem samþykkt var í byrjun apríl sl. og verður innleidd í íslenskan rétt fyrir vorið 2010, geymir ítarlegar reglur um upplýsingagjöf gagnvart neytendum. Að mati ráðuneytisins er ofangreind breytingartillaga réttlæt看leg í því ljósi. Ráðuneytið vekur athygli á að

gildissvið neytendalánatilskipunarinnar er takmarkað; t.a.m. falla neytendalán að hærri fjárhæð en kr. 7,5 milljónir og veðlán utan þess. Líkt og á hinum Norðurlöndunum ná íslensku neytendalánalögin hins vegar yfir veðlán.

Gildandi lög um neytendalán, nr. 121/1994 gera ráð fyrir að samið sé um að vaxtakjör neytendalána séu að nokkru eða öllu breytilegir. Samkvæmt 6. gr. skal lánveitandi við gerð lánsamnings m.a. gefa neytanda upplýsingar um vexti og 9. gr. mælir fyrir um að ef samið er um breytilega vexti skuli lántaka greint frá vöxtum eins og þeir eru á þeim tíma sem upplýsingarnar eru gefnar, með hvaða hætti vextirnir eru breytilegir og við hvaða aðstæður þeir breytast.

Ráðuneytið telur ótækt að gera ráð fyrir að allir lántakar hafi aðgang að tölum og/eða veraldarvefnum. Því er lagt til að neytendur geti óskað eftir því við lánveitanda að upplýsingar samkvæmt ákvæðinu verði veittar þeim skriflega.

Ráðuneytið hefur ekki sérstaka skoðun á tillögu SFF um frestun gildistöku á ákvæði 2. gr. frumvarpsins, í breyttri mynd þess, um 4 mánuði.

Athygli viðskiptanefndar er vakin á því að ekki er sérstaklega kveðið á um að tilkynningar samkvæmt ákvæðinu skuli vera neytendum að kostnaðarlausu.

### 3. Tillögur til breytinga á 3. gr. frumvarpsins

Viðskiptaráð leggur í umsögn sinni til að 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins verði felld brott. Fjárhæðarmörk 1. mgr. 3. gr. (kr. 50 milljónir) byggja á sameiginlegri niðurstöðu áðurgreinds starfshóps um heimildir fjármálafyrirtækja til gjaldtöku o.fl. Samkomulag varð um þetta viðmið í starfshópnum eftir miklar umræður, en fulltrúar helstu hagsmunaaðila áttu sæti í honum (Fjármálaeftirlitið, Neytendasofa, Neytendasamtökin, talsmaður neytenda, Samtök fjármálafyrirtækja og viðskiptaráðuneyti). Í ákvæði 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að óheimilt verði að krefjast greiðslu uppgreiðslugjalds þegar um ræðir lán í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum sem greitt er upp fyrir þann tíma sem umsaminn er, ef höfuðstóll lánsins er að jafnvirði 50 milljónir króna eða minna. Almenn neytendalán eru almennt lægri en umrædd fjárhæð og af þeim sökum þótti hún ásættanleg á þeim tíma sem ákvæðið var til umræðu í starfshópi ráðherra. Markmið ákvæðisins er að vernda neytendur. Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu (um 3. gr.) þykja sjónarmið um að sanngjarnt sé að lánveitandi fái bætt það sannanlega tjón sem verða kann við uppgreiðslu einkum sterk gagnvart lánnum í íslenskum krónum með vöxtum vöxtum og lánnum í erlendri mynt, með tilliti til endurfjármögnunaráhættu lánveitandans.

Ráðuneytið leggur þó til að orðalagi 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins verði breytt, og að ákvæðið verði svohljóðandi:

***Lánveitanda er óheimilt að krefjast greiðslu uppgreiðslugjalds áf láni í íslenskum krónum með breytilegum vöxtum sem greitt er upp fyrir þann tíma sem umsaminn er, ef upphaflegur höfuðstóll lánsins er að jafnvirði 50 millj. kr. eða minna.***

Rökin fyrir þessari orðalagsbreytingu eru þær að núverandi orðalag "...af eftirstöðvum láns í íslenskum krónum..." gefur tilefni til rangra gagnályktana. Að vandlega athuguðu máli telur ráðuneytið breytinguna því nauðsynlega. Í 4. mgr. 3. gr. frumvarpsins er fjárhæð uppgreiðslugjalds takmörkuð við það tjón sem lánveitandi verður fyrir vegna uppgreiðslunnar og verða á grundvelli ákvæðisins settar nánari, gagnsæjar reglur um útreikning á tjóni vegna uppgreiðslu.

Að því er varðar tillögur Neytendasamtakanna um svokallaða spegilreglu, og að bann við innheimtu uppgreiðslugjalds skuli eiga við ef lánveitandi synjaði neytanda um skuldskeytingu/lækkaði afsláttarkjör (sjá og umsögn Alþýðusambands Íslands) telur ráðuneytið lög um neytendalán ekki réttan vettvang fyrir slík tilmæli í löggjöf.